




Menntasvið - frístundadeild

Samantekt vegna sumarnámskeiða 2024



Sumar í Kópavogi.

Kynningarefni sumarnámskeiða birtist á vef sumarnámskeiða SUMAR Í KÓPAVOGI og opnað var fyrir skráningar á Sumardaginn fyrsta 25. apríl.



Auglýsingar og kynningar birtust á heimasíðu Kópavogsbæjar, á facebooksíðu menntasviðs Skólar og frístundir, í Kópavogspóstinum, Kópavogsblaðinu og á vef Kópavogsblaðsins. Kynningar á Sumarsmiðjum í félagsmiðstöðvunum fyrir 10 til 12 ára börn sendu forstöðumenn einnig á forsjáraðila í gegnum Mentor.

Undirbúningsnámskeið fyrir sumarstarfsfólk.

Undirbúninganámskeið fyrir sumarstarfsfólk fóru fram í MK í fyrstu viku júní.

Námskeiðin eru ætluð starfsfólki sumarnámskeiða á vegum Kópavogsbæjar og sumarstarfsfólki íþróttatímabænda – tómstundafélaga í bænum.

Námskeiðin voru:

Skyndihjálpar (4 klst.) þrjú námskeið

KVAN námskeið - Góða liðsheild, samskipti og samvinna (3 klst.) þrjú námskeið

Kynning á lögum um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna (1 klst.)

Öryggisbátanámskeið fyrir starfsfólk á siglingarnámskeiðum var í höndum Siglingafélagsins Ýmis.


Námskeiðin.

Smíðavöllur.

Smíðavöllurinn var á lóð við Smáraskóla. Námskeiðstímabilið hófst 10. júní og lauk 19. júlí. Námskeiðin stóðu í 6 vikur samtals 12 námskeið. Fyrir hádegi var námskeiðið fyrir 7 til 9 ára börn og eftir hádegi fyrir 10 til 12 ára. Skráningarpak á hvert námskeið var 20 börn.

Gjaldskrá: kr. 9.500 hvert námskeið.

Flokksstjóri: Matthías Schou Matthíasson.



Sumarfrístund í Hörðuvallaskóla.

Sumarfrístund er fyrir 7 til 9 ára börn úr öllum skólahverfum í Kópavogi. Boðið var upp á fimm vikulöng námskeið frá 10. júní - 12. júlí. Námskeiðum í Sumarfrístund var fækkað um eitt frá í fyrra sökum mjög lítillar eftirspurnar lokavíkuna. Fyrirkomulagi um forstöðu með námskeiðunum var breytt í sumar til að auka þátttöku annarra forstöðumanna Frístunda að sumarstarfinu.


Gjaldskrá: kr. 12.100. Gæsla kr. 580 hver klst.

Umsjón/stjórnun:

Vika 1, 4 og 5. Margrét St. Þorkelsdóttir/Margrét Á. Heiðarsdóttir (Hörðuvallaskóla)

Vika 2. Áskell Dagur Arason (Smáraskóla)

Vika 3. Ásthildur Guðmundsdóttir (Kópavogsskóla)




Hrafninn frístundaklúbbur.

Hrafninn er frístundaklúbbur fyrir börn og unglinga með fötlun. Starfssemi Hrafnins er heilsársþjónusta en lokað var í 2 vikur í sumar frá 22. júlí – 5. ágúst vegna sumarleyfa. Hrafninn þjónustar börn á aldrinum 10 til 16 ára á starfstíma grunnskóla á veturna en á sumrin frá 7 ára aldri til 16 ára. Unglingar í Hrafninum eiga þess kost að sækja vinnu í Vinnuskólann.

Gjaldskrá: kr. 12.100 hver vika og gæsla kr. 580 hver klst.

Umsjón/stjórnun. Ásgerður Stefanía Baldursdóttir og Guðmunda B. Óladóttir.



Við þessar tölur bætist sá fjöldi barna sem sótt var um stuðning fyrir á almenn sumarnámskeið.

Stuðningur fyrir börn/unglinga með fötlun á almenn sumarnámskeið.

Tveir starfsmenn voru ráðnir sérstaklega til starfa í stuðning með fötluðum börnum á almenn sumarnámskeið (flakkandi starfsfólk). Auk þeirra var starfsfólk Hrafnins tiltækt í stuðning ef á þurfti að halda. Sótt var um fyrir 9 börn á aldrinum 7 til 15 ára. Þessi fjöldi barna bætist við þær tölur sem sýna þátttöku í Hrafninum í sumar.

Námskeiðsvikur voru frá 10. júní - 16. ágúst.

Umsjón með úthlutun: Forstöðumenn í Hrafninum.

Sumarsmiðjur.

Sumarsmiðjur í félagsmiðstöðvum voru fyrir 10 til 12 ára frá 10. júní - 5. júlí.

Smiðjudagar voru sjö á starfstímanum, þriðjudaga og fimmtudaga, ýmist frá kl. 10.00 – 12.00 eða frá kl. 13.00 - 15.00. Þátttaka barna í Sumarsmiðjur jókst mjög frá fyrra ári og er það vísbending um að smiðjuvalið hafi höfðað betur til aldurshópsins en áður.


Gjaldskráin skiptist í þrjá verðflokka:

Kr. 1000 (smiður innan félagsmiðstöðvanna)

Kr. 2000 (strætóferðir og söfn, listnámskeið s.s. málun og striga, bolamálun)


Kr. 3200 (s.s. Rush, Lacertag, Trampólíngarður)

Umsjón/ stjórnun. Forstöðufólk félagsmiðstöðva.



Sumaropnun í félagsmiðstöðvum.

Félagsmiðstöðvar voru opnar alla virka daga í sumar á tímabilinu frá 1. júní - 5. júlí. Boðið var upp á fjölbreytt frístundastarf fyrir krakka í 7. - 10. bekk. Sumaropnun er frá kl. 12.00 - 17.00 og er byggð upp í formi hópstarfs, vettvangsferða, viðburða og samstarfi við Vinnuskólann. Unglingastarfið í félagsmiðstöðvunum fer svo fram kl. 17.00 - 19.00 og 19.30- 22.00. Í sumarstarfinu er áhersla lögð á skapandi og skemmtilegt starf innan dyra sem utan, í samvinnu við þátttakendur.



Ekki bárust þátttökutölur frá Kjarnanum og Kúlnni. Tölur í Pegasus eru aðeins vegna júlí 2024


FÉLKÓ flakkandi félagsmiðstöð

FÉLKÓ flakkandi félagsmiðstöð er áframhald af sumaropnun í félagsmiðstöðvum og hún starfar þvert á Kópavog. Starfsfólk í flakkandi félagsmiðstöð sinnir mikilvægu starfi sem hefur þann tilgang að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga. FÉLKÓ hefur það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglunga og veita þeim sem á þurfa að halda öruggt skjól. Áhersluþættir í starfinu eru:

- Vettvangsstarf (brjóta upp óæskilega hópamyndun)
- Koma málum unglunga í eftirfylgni og til aðstoðar inn í viðeigandi úrræði sveitarfélaganna þegar svo ber undir.
- Akstur á milli skólahverfa í Kópavogi og á höfuðborgarsvæðinu þar sem unglingar hittast reglulega og eða um svæði sem upplýsingar hafa borist um, frá lögreglu eða öðrum samstarfsaðilum.

FÉLKÓ flakkandi er verkefni í anda farsældarlaga og byggir m.a. á samvinnu og samráði á milli félagsmiðstöðva, skóla, lögreglu, barnaverndar og forsjáraðila.


Leiðbeinendur FÉLKÓ voru níu í sumar og starfstíminn var frá 11. – 31. júlí.



Velkomin/n verkefnið - sumarstarf.

Velkomin verkefnið er sértækt hópastarf í félagsmiðstöðinni Kjarnanum Kópavogsskóla. Markmið með Velkomin verkefninu er að virkja og valdefla börn, unglunga og ungmenni með fjölbreyttan menningar – og tungumálabakgrunn og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla-, íþróttar-, afþreyingar- og frístundastarf. Jafnframt að kenna þeim unglingum/ungmönnum sem tala íslensku sem sitt móðurmál um inngildingu og mikilvægi jákvæðs viðhorfs til fjölmennningar. Þjóðernin á námskeiðinu voru í heildina í kringum 20 og tungumálin 25. Með tilkomu

verkefnisins hefur nýting á frístundastyrk aukist meðal barna með fjölbreyttan menningar - og tungumálabakgrunn. Starfstímabilið í sumar var frá 10. júní - 05. júlí.



Menningarhúsin í Kópavogi.

Námskeið Menningarhúsa og Bókasafns Kópavogs voru þrjú í sumar.

1. Í bókasafninu var boðið uppá **Krakkaævintýri** sem fól í sér þrjár ævintýrasmiðjur, dagskrá var eftir hádegi dagana 20. – 22. ágúst. Krakkaævintýri var eins og „opið hús“ og var endurgjaldslaust.

2. **Menningarkrakkar** þar sem áherslan var á vettvangsferðir og listasmiðjur.


Námskeiðið fór fram 19. – 22. ágúst fyrir hádegi.

Gjaldskrá: kr. 10.800.

3. **Máfurinn** tónlistarsmiðja var nýtt námskeið í sumar fyrir 8 til 12 börn.

Áherslan á námskeiðinu var að tengja saman tónlist og hreyfingu á skapandi hátt. Námskeiðið var fyrir hádegi dagana 7. – 9. ágúst.

Gjaldskrá: kr. 2.500.



Störf í umsjón Vinnuskóla Kópavogs.

Götuleikhús.


Götuleikhúsið er sumarstarf unglunga við listsköpun í Vinnuskóla Kópavogs. Vikufjöldi í starfssemi Götuleikhússins var í samræmi við úthlutaðar vinnustundir unglinganna. Þátttakendur í sumar voru 10 á aldrinum 16 og 17 ára. Meðal verkefna voru heimsóknir í leikskóla bæjarins og götulist á ýmsum stöðum í Kópavogi. Umsjón/ stjórnun. Verkefnastjóri/Vinnuskóli Kópavogs.

Skólagarðar Kópavogs.

Skólagarðar voru á þremur stöðum í bænum, við Dalveg, við Víðigrund og nú í sumar í Guðmundarlundi en skólagarð við Arnarnesveg var lokað. Skólagarðarnir eru fyrir börn á aldrinum 6 til 13 ára, börnin fá útsæði, plöntur og fræ ásamt leiðsögn um ræktun algengustu matjurta. Auk ræktunarinnar er boðið upp á leiki, skoðunarferðir og grilldaga.

Gjaldskrá: kr. 6.400 fyrir hvern garð.

Umsjón/ stjórnun. Verkefnastjóri/Vinnuskóli Kópavogs.



Sumarnámskeið Íþróttar - tómstundafélaga í Kópavogi.

Breiðablik

Bauð uppá Frjálsíþróttar, - ævintýra, - körfubolta. – knattspyrnu, - sund - og skáknámskeið auk rafíþróttanámskeiða Arena. Námskeiðin voru 8 í hverri grein og námskeiðstímabil frá 10. júní – 26. júlí og frá 12. – 16. ágúst. Minnst skráning var í viku 6 (15. – 19. júlí) og viku 7 (22. – 26. júlí)

Gjaldskrá: kr. 8.400 hálfur dagur. Hádegismatur og gæsla kr. 4.500. Gæsla kr. 2.300.

Breytingargjald (færsla á milli námskeiða) kr. 2.500.

Gjaldskrá Rafíþróttanámskeiðs kr. 24.900 heill dagur og kr. 14. 900 hálfur dagur.

HK

Hjá HK voru 5 námskeið í sumar fyrir 6 til 12 ára börn. Námskeiðin voru borðtennis, handboltaskóli, knattspyrnuskóli og krakkablað. Námskeiðin voru hálfan daginn en mögulegt var að tengja saman námskeið og ná þar með heilum námskeiðsdegi. Hægt var að kaupa heitan mat í hádegi. Fjölgreinánámskeið var nýtt námskeið í sumar, það voru 2 heilsdagsnámskeið og 1 hálfstdagsnámskeið. Fjölda námskeiða fækkaði frá í fyrra.

Námskeiðstímabil var frá 10. júní – 5. júlí og 6. – 16. ágúst.

Gjaldskrá: kr. 8.500/6.800. Heitur matur kr. 4000/3000. Fjölgreinánámskeið kr. 21.000/16.600 með hádegismat.

Gerpla

Hjá Gerplu voru 9 heilsdagsnámskeið í Fimleika – og íþróttafjör í Versölum fyrir börn f. 2014 - 2018 og 8 hálfstdagsnámskeið í Parkour fyrir og eftir hádegi í Vatnsenda fyrir börn f. 2012 - 2018. Námskeiðstímabilið frá 10. júní – 26. júlí og 6. - 16. ágúst.

Gjaldskrá: Fimleika – og íþróttafjör kr. 16.900/13.520. Parkour kr. 10.900/8.720.

GKG golfleikjanámskeið

Golfleikjanámskeiðin voru 7 vikur, fyrir og eftir hádegi á tímabilinu frá 10. júní – 26. júlí og 6. – 15. ágúst. Þátttakendum er skipt í tvo hópa eftir aldri og kyni, aldurshóparnir er frá 6 til 8 ára og 9 til 12 ára. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að kynna íþróttina fyrir börnunum í gegnum golftengda leiki og hreyfingu.

Námskeiðstímabilið var frá 10. júní – 26. júlí og 6. – 15. ágúst.

Gjaldskrá: kr. 16.100/ 12.880

KFUM & KFUK sumarnámskeið.

Námskeiðin voru 5 og fóru fram í Lindakirkju. Námskeiðin voru heilsdagsnámskeið og dagskráin byggð á útivist, föndri, íþróttum og leikjum, vettvangsferðum og fræðslu um lífið og tilveruna út frá kristilegu sjónarmiði. Full skráning og biðlisti var á fyrstu fjögur námskeiðin en í heildina voru námskeiðin fimm.

Námskeiðstímabil var frá 10. júní - 12. júlí.

Gjaldskrá: kr. 21.900.

Siglingafélagið Ýmir v/Naustavör.

Siglinganámskeið Kópanes „Sjávaríþróttir“ sem verið hefur á vegum Kópavogsbæjar undanfarin ár var í sumar samstarfsverkefni bæjarins og siglingafélagsins. Tilgangur þess var efla enn frekar faglegan þátt námskeiðanna, auk þess að tengja meira saman byrjendasiglingar og framhaldsnámskeið í siglingum. Námskeiðið fyrir hádegi var „Leikur við sjóinn“ og eftir hádegi „Lærðu að sigla“. Samkomulagið fól í sér að Siglingafélagið sá um að leiða námskeiðin, sjá um faglega þáttinn, veita fræðslu um öryggismál tengt siglingum og sjá um skráningarhlutann. Kópavogsbæjar sá um að greiða laun leiðbeinenda og rekstrarframlag samkv. fjárhagsáætlun s.s. eldsneyti, vörukaup og nauðsynlegan öryggisbúnað vegna námskeiðanna.

Námskeiðstímabilið 10. Júní – 02. ágúst

Hámarksfjöldi á hvert námskeið 20 börn.

Námskeiðsgjald: 8500 kr. hvert hálfsdagsnámskeið.

Umsjón og skráning: Siglingafélagið Ýmir.

Skátafélagið Kópar.

Útilífsskóli Kópa bauð uppá námskeið í 6 vikur frá 10. júní – 12 júlí og 12. – 16. ágúst.

Námskeiðin fóru fram í aðstöðu frístundar í Álfhólsskóla

(íþróttahúsi Digranes) ástæða þess var að leikskólinn Álfaheiði hafði afnot af


Skátaheimilinu. Í sumar var hámarksfjöldi á hvert námskeið 40 börn - þátttökupak á hvert námskeið hefur því lækkað frá sumrinu 2022 úr 60 börnum í 40.

Gjaldskrá: kr. 19.900/16.900. Gæsla að morgni (fimm morgnar) kr. 3.500.

Tennisfélag Kópavogs

Tennisfélagið bauð uppá fimm 2ja vikna námskeið, Tennisleikjaskóla fyrir 5 til 8 ára börn og Tennisskóla fyrir 9 til 13 ára. Hægt var að velja um stakar vikur. Áhersla er lögð á að kenna undirstöðu atriði tennisíþróttarinnar í bland við skemmtilega bolta, - hlaupa, - og tennisleiki. Námskeiðstímabilið var frá 10. Júní – 16. ágúst.

Gjaldskrá: 34.900 hálfsdagsnámskeið í 2 vikur/heilsdagsnámskeið kr. 51.900/ stakar vikur kr. 19.900/29.900.




Þjónusta keypt frá RVK.

Sumarvikum í Klettaskóla er úthlutað til barna og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára, sem sækja Klettaskóla og eru með lögheimili í Kópavogi. Frístundaklúbbarnir eru Askja, Gulahlíð og Hekla. Sótt var um og úthlutað 99 sumarvikum til 14 barna.

Umsóknir fyrir undanþágu um aukavikur voru fjórar og tvær þeirra voru fyrir börn með aukna þjónustupörf og það felur í sér tvímönnun.

Gjaldskrá óbreytt frá fyrra ári 320.000 pr. viku á hvert barn. Kostnaður

Kópavogsbæjar vegna þjónustunnar var kr. 35.196.791.



Þjónusta keypt frá Klettabæ.

Sértækt sumarstarf í Klettabæ fyrir barn með lögheimili í Kópavogi kr. 1.788.622.-